

I EES-STOFNANIR**1. Sameiginlega EES-nefndin**

	Tilkynning til lesenda	1
2012/EES/43/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....	1
2012/EES/43/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....	3
2012/EES/43/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....	5
2012/EES/43/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....	6
2012/EES/43/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....	12
2012/EES/43/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	15
2012/EES/43/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	17
2012/EES/43/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	22
2012/EES/43/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	24
2012/EES/43/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	26
2012/EES/43/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	27

2012/EES/43/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	28
2012/EES/43/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	30
2012/EES/43/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	31
2012/EES/43/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	32
2012/EES/43/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	34
2012/EES/43/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	36
2012/EES/43/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	37
2012/EES/43/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn	39
2012/EES/43/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	40
2012/EES/43/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn	42
2012/EES/43/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn	43
2012/EES/43/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	44
2012/EES/43/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	45
2012/EES/43/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	46
2012/EES/43/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	47
2012/EES/43/27	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	48
2012/EES/43/28	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og bókun 37 við EES-samninginn	49

2012/EES/43/29	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	51
2012/EES/43/30	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	53
2012/EES/43/31	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	54
2012/EES/43/32	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	55
2012/EES/43/33	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn	56
2012/EES/43/34	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn	58
2012/EES/43/35	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	59
2012/EES/43/36	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	60
2012/EES/43/37	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	61
2012/EES/43/38	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	63
2012/EES/43/39	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	64

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2012 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2012

2012/EES/43/01

frá 30. mars 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/707/ESB frá 26. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0707**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/707/ESB frá 26. október 2011 (Stjtið. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/707/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2012****2012/EES/43/02****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 350/2011 frá 11. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar kröfur varðandi setningu á markað á Kyrrahafsostrum sem senda á til aðildarríkja eða hluta þeirra sem falla undir landsráðstafanir sem varða ostruherpesveiru 1 þvar (OsHV-1 þvar) og voru samþykktar með ákvörðun 2010/221/ESB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/358/ESB frá 17. júní 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2:
„– **32011 R 0350**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 350/2011 frá 11. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 41b. (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:
„– **32011 D 0358**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/358/ESB frá 17. júní 2011 (Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 350/2011 og ákvörðunar 2011/358/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2012****2012/EES/43/03****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/403/ESB frá 7. júlí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar afturköllun á útrýmingaráætlun vegna nýrnaveiki á yfirráðasvæði Stóra-Bretlands og samþykki fyrir eftirlitsáætlun varðandi ostruherpesveiru 1 μvar fyrir Guernsey ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0403**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/403/ESB frá 7. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/403/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 47.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2012****2012/EES/43/04****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 5/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fæðuaukefni fyrir fráfærugrasi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (leyfishafi er Prosol SpA) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 171/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem *Aspergillus oryzae* DSM 14223 framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir alifugla og fyrir svín og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 255/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 frá 25. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fæðuaukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Calpis Co. Ltd Japan, fulltrúi er Calpis Co. Ltd Europe Representative Office) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011 frá 3. mars 2011 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fæðuaukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Lallemand SAS) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 221/2011 frá 4. mars 2011 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem *Aspergillus oryzae* DSM 14223 framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir laxfiska (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 335/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1091/2009 að því er varðar lágmarksinnihald ensímlöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49755) framleiðir, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49754) framleiðir, sem fæðuaukefnis í föðri fyrir eldiskjúklinga ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 336/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 að því er varðar notkun á fæðuaukefninu *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 í föður sem inniheldur díklasúríl, mónensínatríum og níkarbasín ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 337/2011 frá 7. apríl 2011 um leyfi fyrir ensímlöndu af endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem fæðuaukefni fyrir alifugla, fráfærugrasi og eldissvín (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 60, 5.3.2011, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 14.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 17.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 19.

- 10) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 frá 13. apríl 2011 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 943/2005 ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir dímetýlglýsinnatríumsalti sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Taminco N.V.) ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789 sem fæðuaukefni fyrir aukafuglategundir, að undanskildum varpfuglum, fráfarugrisum og aukategundum svína (eftir fráfarur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir α -madúramísínammóníum sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 ⁽¹³⁾.
- 14) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir ensimblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílísini og α -amýlasa sem fæðuaukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) ⁽¹⁴⁾.
- 15) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2011 frá 27. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2380/2001 að því er varðar samsetningu fæðuaukefnisins α -madúramísínammóníums ⁽¹⁵⁾.
- 16) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 495/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 109/2007 að því er varðar samsetningu fæðuaukefnisins mónensínnatríums ⁽¹⁶⁾.
- 17) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 frá 20. maí 2011 um leyfi fyrir natriumbensóati sem fæðuaukefni fyrir fráfarugrísu (leyfishafi er Kemira Oyj) ⁽¹⁷⁾.
- 18) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 515/2011 frá 25. maí 2011 um leyfi fyrir B6-vítamíni sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁸⁾.
- 19) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 516/2011 frá 25. maí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar notkun blöndu af *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 í fæður sem inniheldur maurasýru ⁽¹⁹⁾.
- 20) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011 frá 30. maí 2011 um leyfi fyrir blöndu af endó-1,4- β -xýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49755) framleiðir, og endó-1,3(4)- β -glúkanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49754) framleiðir, og pólygalaktúrónasa, sem *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94) framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir fráfarugrísu (handhafi leyfis er Aveve NV) ⁽²⁰⁾.
- 21) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2011 frá 30. maí 2011 um leyfi fyrir endó-1,4- β -xýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir fráfarugrísu og eldissvín (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) ⁽²¹⁾.

⁽¹⁰⁾ Stj.útd. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22.

⁽¹¹⁾ Stj.útd. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.

⁽¹²⁾ Stj.útd. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10.

⁽¹³⁾ Stj.útd. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3.

⁽¹⁴⁾ Stj.útd. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 7.

⁽¹⁵⁾ Stj.útd. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 11.

⁽¹⁶⁾ Stj.útd. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 6.

⁽¹⁷⁾ Stj.útd. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 9.

⁽¹⁸⁾ Stj.útd. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 40.

⁽¹⁹⁾ Stj.útd. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 43.

⁽²⁰⁾ Stj.útd. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 6.

⁽²¹⁾ Stj.útd. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 10.

- 22) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 um leyfi fyrir róbenidínhydróklóríði sem fóðurukefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Alpharma Belgium BVBA) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999 og (EB) nr. 1800/2004 ⁽²²⁾.
- 23) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2011 frá 16. júní 2011 um breytingu á I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins 2002/32/EB, að því er varðar hámarksgildi fyrir nitrít, melamín, *Ambrosia* spp. og yfirfærslu (e. carry-over) tiltekinnna hníslalyfja og vefsvipungalyfja, og um samsteypu á I. og á II. viðauka við hana ⁽²³⁾.
- 24) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2011 frá 16. júní 2011 um skrána yfir fódurefni ⁽²⁴⁾.
- 25) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 868/2011 frá 31. ágúst 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁵⁾.
- 26) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 171/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2007 ⁽²⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 27) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 242/2010 ⁽²⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 28) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):
 - „– **32011 R 0388**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2011 frá 19. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3),
 - **32011 R 0532**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 (Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001):
 - „– **32011 R 0406**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2011 frá 27. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 11).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004):
 - „– **32011 R 0532**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 (Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7).“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005):
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32011 R 0171**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 171/2011 frá 23. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 11).“

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7.

⁽²³⁾ Stjtið. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 7.

⁽²⁴⁾ Stjtið. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 25.

⁽²⁵⁾ Stjtið. ESB L 226, 1.9.2011, bls. 2.

⁽²⁶⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 54.

⁽²⁷⁾ Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 17.

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 521/2005):
„– **32011 R 0221**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 221/2011 frá 4. mars 2011 (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2011, bls. 3).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005):
„– **32011 R 0516**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 516/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 43).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0361**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 frá 13. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22).“
8. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005):
„– **32011 R 0170**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 frá 23. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8).“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007):
„– **32011 R 0495**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 495/2011 frá 20. maí 2011 (Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 6).“
10. Texti liðar 1zzzzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2007) falli brott.
11. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0336**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 336/2011 frá 7. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 17).“
12. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0373**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011 frá 15. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10).“
13. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzzt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0335**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 335/2011 frá 7. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 14).“
14. Eftirfarandi liður bætist við í lið 2s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010):
„2t. **32011 R 0170**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir fráferugrisi og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2005 (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8).
2u. **32011 R 0171**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 171/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem *Aspergillus oryzae* DSM 14223 framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir alifugla og fyrir svín og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 255/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 11).
2v. **32011 R 0184**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 frá 25. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Calpis Co. Ltd Japan, fulltrúi er Calpis Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33).

- 2w. **32011 R 0212**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011 frá 3. mars 2011 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fôðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Lallemand SAS) (Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 1).
- 2x. **32011 R 0221**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 221/2011 frá 4. mars 2011 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem *Aspergillus oryzae* DSM 14223 framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir laxfiska (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2011, bls. 3).
- 2y. **32011 R 0337**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 337/2011 frá 7. apríl 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem fôðuraukefni fyrir alifugla, fráfarugrís og eldissvín (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 19).
- 2z. **32011 R 0361**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011 frá 13. apríl 2011 um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 943/2005 (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22).
- 2za. **32011 R 0371**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir dímetýlglysínatriúmsalti sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Taminco N.V.) (Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6).
- 2zb. **32011 R 0373**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* FERM-BP2789 sem fôðuraukefni fyrir aukafuglategundir, að undanskildum varpfluglum, fráfarugrís og aukategundum svína (eftir fráfarur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10).
- 2zc. **32011 R 0388**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir α -madúramísínammóníum sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3).
- 2zd. **32011 R 0389**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sútilisíni og α -amýlasa sem fôðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 7).
- 2ze. **32011 R 0496**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 frá 20. maí 2011 um leyfi fyrir natriumbensóati sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrís (leyfishafi er Kemira Oyj) (Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 9).
- 2zf. **32011 R 0515**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 515/2011 frá 25. maí 2011 um leyfi fyrir B6-vítamíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 40).
- 2zg. **32011 R 0527**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011 frá 30. maí 2011 um leyfi fyrir blöndu af endó-1,4- β -xýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49755) framleiðir, og endó-1,3(4)- β -glúkanasa, sem *Trichoderma reesei* (MUCL 49754) framleiðir, og pólýgalaktúrónasa, sem *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94) framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrís (handhafi leyfis er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 6).
- 2zh. **32011 R 0528**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2011 frá 30. maí 2011 um leyfi fyrir endó-1,4- β -xýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrís og eldissvín (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 10).
- 2zi. **32011 R 0532**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 um leyfi fyrir róbenidínhydróklóríði sem fôðuraukefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Alpharma Belgium BVBA) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999 og (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7).

- 2zj. **32011 R 0868**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 868/2011 frá 31. ágúst 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963) sem fôðuraufefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 226, 1.9.2011, bls. 2).“
15. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):
„– **32011 R 0574**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2011 frá 16. júní 2011 (Stjtið. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 7).“
16. Texti 49. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 242/2010) falli brott.
17. Eftirfarandi liðar bætist við á eftir 50. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2010):
„51. **32011 R 0575**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2011 frá 16. júní 2011 um skrána yfir fôðurefni (Stjtið. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 170/2011, 171/2011, 184/2011, 212/2011, 221/2011, 335/2011, 336/2011, 337/2011, 361/2011, 371/2011, 373/2011, 388/2011, 389/2011, 406/2011, 495/2011, 496/2011, 515/2011, 516/2011, 527/2011, 528/2011, 532/2011, 574/2011, 575/2011 og 868/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2012****2012/EES/43/05****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 5/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011 frá 14. janúar 2011 um leyfi fyrir E-vítamíni sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 881/2011 frá 2. september 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1137/2007 að því er varðar aukefnasamsetningu blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 17299 (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) og notkun hennar í fæður sem inniheldur maurasýru ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fæðuaukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, og fyrir eldisendur, kornhænur, fasana, akurhænur, perluhænsn, dúfur, eldisgæsir og strúta (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 886/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem *Trichoderma reesei* (CBS 122001) framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Roal Oy) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 887/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Norel SA) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 888/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir diklasúrili sem fæðuaukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 900/2011 frá 7. september 2011 um leyfi fyrir lasalósið-A-natríum sem fæðuaukefni fyrir fasana, perluhænsn, kornhænur og akurhænur sem ekki eru varpfuglar (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1068/2011 frá 21. október 2011 um leyfi fyrir ensimblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem *Aspergillus niger* (CBS 109.713) framleiðir, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem *Aspergillus niger* (DSM 18404) framleiðir, sem fæðuaukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aðrar aukafuglategundir (aðrar en eldisendur) og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1074/2011 frá 24. október 2011 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R-625 sem fæðuaukefni fyrir fráfærugrasi (leyfishafi er Integro Gida SAN. ve TIC. A.S., fulltrúi er RM Associates Ltd) ⁽¹⁰⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 5.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 7.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 9.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 231, 8.9.2011, bls. 15.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2011, bls. 11.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 278, 25.10.2011, bls. 5.

- 11) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2011 frá 27. október 2011 um leyfi fyrir ensímlöndu afendó-1,4-betaxýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (MULC 49755) framleiðir, og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem *Trichoderma reesei* (MULC 49754) framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísí (handhafi leyfis er Aveve NV) ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1110/2011 frá 3. nóvember 2011 um leyfi fyrir ensímlöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem *Trichoderma reesei* (CBS 114044) framleiðir, sem fôðuraukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla og eldissvín (leyfishafi er Roal Oy) ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1111/2011 frá 3. nóvember 2011 um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹³⁾.
- **32011 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/87/ESB frá 16. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/72/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 254, 30.9.2011, bls. 22, og 2011/87/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 301, 18.11.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2012****2012/EES/43/11****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB frá 29. júlí 2011 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tiltekna aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 4a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB) í XI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 L 0074**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB frá 29. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/74/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 10.

(²) Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2012****2012/EES/43/12****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1169/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 353/2008 um setningu framkvæmdarreglna varðandi umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2011 frá 4. maí 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 440/2011 frá 6. maí 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2011 frá 11. júlí 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2011 frá 11. júlí 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB frá 5. júlí 2006 um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni og tilskipun 94/35/EB um sætuefni til notkunar í matvælum ⁽⁸⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 78, 17.3.2007, bls. 32.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 2.4.2011, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 115, 5.5.2011, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 119, 7.5.2011, bls. 4.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 5.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 8.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 54z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB) og 54zb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB):
„– **32006 L 0052**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB frá 5. júlí 2006 (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 78, 17.3.2007, bls. 32.“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 353/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32009 R 1169**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1169/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 34).“
3. Eftirfarandi bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0321**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2011 frá 1. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 87, 2.4.2011, bls. 1).“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 56. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008):
„57. **32011 R 0432**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2011 frá 4. maí 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 115, 5.5.2011, bls. 1).
58. **32011 R 0440**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 440/2011 frá 6. maí 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 119, 7.5.2011, bls. 4).
59. **32011 R 0665**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2011 frá 11. júlí 2011 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 5).
60. **32011 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2011 frá 11. júlí 2011 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB nr. 1169/2009, reglugerða (ESB) nr. 321/2011, 432/2011, 440/2011, 665/2011 og 666/2011 og tilskipunar 2006/52/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 78, 17.3.2007, bls. 32, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2012****2012/EES/43/13****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/38/ESB frá 11. apríl 2011 um breytingu á V. viðauka við tilskipun 2004/33/EB að því er varðar hámarks pH-gildi fyrir blóðflögubýkni við lok geymsluþolstíma ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15v (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/33/EB) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 L 0038**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/38/ESB frá 11. apríl 2011 (Stjtíð. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/38/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 28.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2012

2012/EES/43/14

frá 30. mars 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 að því er varðar mat og vottun gæðagagna og óklínískra gagna um hátæknimeðferðarlyf sem örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki framleiða ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15zm. **32009 R 0668**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 að því er varðar mat og vottun gæðagagna og óklínískra gagna um hátæknimeðferðarlyf sem örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki framleiða (Stjtíð. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 668/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 7.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2012

2012/EES/43/15

frá 30. mars 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/66/ESB frá 1. júlí 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu 4,5-díklór-2-oktyl-2H-ísóþíasól-3-óni við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/67/ESB frá 1. júlí 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu abamektíni við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/69/ESB frá 1. júlí 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu imídadklóríði við í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 L 0066**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/66/ESB frá 1. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 10),
- **32011 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/67/ESB frá 1. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 13),
- **32011 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/69/ESB frá 1. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/66/ESB, 2011/67/ESB og 2011/69/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 24.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2012****2012/EES/43/16****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/79/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fipróníli við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/80/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu lambda-sýhalótríni við í I. viðauka við hana ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/81/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu deltametríni við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 L 0078**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 7),
- **32011 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/79/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 10),
- **32011 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/80/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 13),
- **32011 L 0081**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/81/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/78/ESB, 2011/79/ESB, 2011/80/ESB og 2011/81/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2012****2012/EES/43/17****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/79/ESB frá 19. nóvember 2010 um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 9. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/79/ESB frá 19. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 304, 20.11.2010, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/79/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 304, 20.11.2010, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2012

2012/EES/43/18

frá 30. mars 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB frá 22. október 2010 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/75/ESB frá 2. september 2011 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32010 L 0068**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB frá 22. október 2010 (Stjtið. ESB L 305, 20.11.2010, bls. 1),
- **32011 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/75/ESB frá 2. september 2011 (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2011, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í V. kafla XIII. viðauka við samninginn:

- „– **32010 L 0068**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB frá 22. október 2010 (Stjtið. ESB L 305, 20.11.2010, bls. 1),
- **32011 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/75/ESB frá 2. september 2011 (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2011, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2010/68/ESB og 2011/75/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 305, 20.11.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2011, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2012****2012/EES/43/19****frá 30. mars 2012****um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) V. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frelsi launþega til flutninga innan Sambandsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 2. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68) í V. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32011 R 0492**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frelsi launþega til flutninga innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði 1. mgr. 36. gr. gilda ekki.
- b) Í 2. mgr. 36. gr. komi vísan í 29. gr. samnings þessa í stað vísunar í 48. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2012****2012/EES/43/20****frá 30. mars 2012****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31eb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009) í IX. viðauka við samninginn:

„31ec. **32010 D 0578**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/578/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Sjá 1. neðanmálsgrein.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2012 frá 30. mars 2012
um að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB**

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 fjallar um jafngildi krafna sem gilda gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins. Þessi ákvörðun er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2012

2012/EES/43/21

frá 30. mars 2012

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/952/EB frá 20. desember 2006 um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beintengdrar upplýsingaveitu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 34. lið (tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2005/865/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„35. **32006 H 0952**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2006/952/EB frá 20. desember 2006 um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beintengdrar upplýsingaveitu (Stjtið. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2006/952/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2012****2012/EES/43/22****frá 30. mars 2012****um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/7/ESB fellur úr gildi frá 16. mars 2013 tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum frá 16. mars 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 2. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB) í XII. viðauka við samninginn hljóði svo frá 16. mars 2013:

„**32011 L 0007**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/7/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2012****2012/EES/43/23****frá 30. mars 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/453/ESB frá 13. júlí 2011 um samþykki á leiðbeiningum um skýrslugjöf aðildarríkjanna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17ka (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/C 135/03) í XIII. viðauka við samninginn:

„17kb. **32011 D 0453**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/453/ESB frá 13. júlí 2011 um samþykki á leiðbeiningum um skýrslugjöf aðildarríkjanna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/453/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 48.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2012

2012/EES/43/24

frá 30. mars 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/275/ESB frá 26. apríl 2011 varðandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „grunnvirki“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37df (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011) í XIII. viðauka við samninginn:

„37dg. **32011 D 0275**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/275/ESB frá 26. apríl 2011 varðandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „grunnvirki“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtíð. ESB L 126, 14.5.2011, bls. 53).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/275/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 126, 14.5.2011, bls. 53.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2012****2012/EES/43/25****frá 30. mars 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011 frá 10. maí 2011 um vottunarkerfi fyrir aðila sem sjá um viðhald á vöruflutningavögnum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 653/2007 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 42ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 653/2007):

„eins og henni var breytt með:

- **32011 R 0445**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011 frá 10. maí 2011 (Stjtið. ESB L 122, 11.5.2011, bls. 22).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42ef (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1158/2010):

